

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 512/1993.

**Guðrún Álfgeirsdóttir**  
**Kristinn Álfgeirsson og**  
**Olga Sveinsdóttir**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Hreyfli svf.**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Málsástæður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. desember 1993. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í héraðsdómi, var fyrri dómur í þessu máli, sem upp var kveðinn 18. maí 1990, ómerktur með dómi Hæstaréttar 25. mars 1993. Í þeim dómi var og ómerkt meðferð málsins frá og með þinghaldi á dómsuppsögudegi í héraði. Í því þinghaldi hafði stefndi „fallið frá kröfum“ á hendur Betri kaupum hf., útgefanda og aðalskuldara þess skuldabréfs, er mál þetta varðar, en krafist dómtöku á hendur öðrum stefndu, áfrýjendum hér fyrir dómi, sem voru sjálfskuldarábyrgðarmenn á nefndu skuldabréfi.

Sýknukrafa áfrýjenda er aðallega á því reist, að krafa stefnda gegn þeim sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum sé niður fallin, þar sem hann hafi fallið frá kröfu sinni á hendur aðalskuldara skuldabréfsins. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti studdi lögmaður áfrýjenda sýknukröfuna einnig vanlýsingu. Bú Betri kaupa hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. júní 1992, en kröfu þessa máls var ekki lýst í þrotabúið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að áfrýjendur hafi nokkru sinni borið fyrir sig þá málsástæðu, að krafa stefnda væri fallin niður fyrir vanlýsingu. Hennar var ekki heldur

getið í greinargerð þeirra fyrir Hæstarétti. Kemur sú málsástæða ekki til álita hér fyrir dómi, sbr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Þegar málið var að nýju tekið fyrir í héraði, var mætt af hálfu þrotabús Betri kaupa hf., en hvorki haldið uppi vörnum né krafist málskostnaðar. Við aðalmeðferð málsins var eftirfarandi bókað: „Lögmaður stefnanda gerir sömu kröfur og í stefnu á rskj. 1 á hendur stefndu, Guðrúnu Álfgeirsdóttur, Kristni Álfgeirssyni og Olgu Sveinsdóttur . . .“ Engar kröfur voru gerðar á hendur þrotabúi Betri kaupa hf.

Eigi verður talið, að stefndi hafi gefið eftir kröfu sína á hendur aðalskuldara hins umrædda skuldabréfs. Þar sem krafan var gjaldfallin, var honum í sjálfsvald sett, hvort hann leitaði fullnustu hennar hjá aðalskuldara eða sjálfskuldarábyrgðarmönnum, einhverjum þessara eða öllum í senn.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Áfrýjendur skulu greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðrún Álfgeirsdóttir, Kristinn Álfgeirsson og Olga Sveinsdóttir, greiði stefnda, Hreyfli svf., in solidum 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 1993.**

Mál þetta höfðaði Hreyfill svf., kt. 640169-3549, með áskorunarstefnu, út gefinni 12. október 1989, á hendur Betri kaupum hf., kt. 570289-1799, Reykjavík, Guðrúnu Álfgeirsdóttur, kt. 141139-4609, Eyjabakka 10, Reykjavík, Kristni Álfgeirssyni, kt. 090137-3879, Þórufelli 8, Reykjavík, og Olgu Sveinsdóttur, kt. 300701-3379, Akurgerði 50, Reykjavík. Því var vikið til venjulegrar meðferðar í þinghaldi í bæjarþingi Reykjavíkur 5. desember 1989, er fram voru komnar varnir af hálfu stefnda, Betri kaupa hf., en eigi annarra stefndu. Í þinghaldi 18. maí 1990 var fallið frá kröfum á hendur Betri kaupum hf., en málið lagt í dóm, að því er aðra stefndu varðaði. Dómur var kveðinn upp sama dag, en hann var ómerktur með dómi Hæstaréttar 25. mars 1993 svo og málsmeðferðin frá og með 18. maí 1990 og lagt

fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í forsendum dómsins kom fram það viðhorf, að rétt væri, að stefndu gæfist kostur á að sækja þing í málinu.

Málið var tekið fyrir að nýju og dómtekið 5. nóvember sl., en stefndu Guðrún, Kristinn og Olga skiluðu greinargerð, og var málið munnlega flutt. Bú Betri kaupa hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, og féll þrotabúið frá málskostnaðarkröfu, er komið hafði fram í greinargerð. Þrotabúið er ekki lengur aðili að máli þessu.

Stefnandi krefst greiðslu á 565.043,30 krónum með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 1.250 kr. svo og málskostnaðar. Hann krefst þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. ágúst 1990.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður stefndu skulda sér stefnuþjárhæðina. Þau hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi, er Betri kaup hf. gáfu út 29. mars 1989. Skuldabréf þetta var að höfuðstól 500.000 kr., verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu, með grunnvísitölu 2346 stig og bar 9,75% ársvexti. Fyrsti gjalddagi var 15. ágúst 1989. Stefnandi heldur því fram, að ekki hafi verið greitt af skuldabréfinu. 1.250 kr. segir stefnandi vera stimpilkostnað.

Stefndu styðja sýknukröfu sína við þá staðreynd, að fallið hafi verið frá kröfum á hendur útgefanda skuldabréfsins, Betri kaupum hf. Með því hafi skuldin gagnvart aðalskuldara verið gefin eftir, og því hljóti ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanna að falla niður um leið og krafa sú, er þeir ábyrgjast.

Í þinghaldi á bæjarþingi Reykjavíkur 18. maí 1990 er í upphafi bókað, að af hálfu stefnda Betri kaupa sé eigi sótt þing. Dómara hafi borist vottorð lækni um, að tilkynnt hafi verið „um forföll Guðmundar Jóhannssonar í gær og í dag . . .” Vottorðið var lagt fram, og síðan er bókað:

„Lögmaður stefnanda fellur frá kröfum á hendur Betri kaupum hf., en krefst dómtöku á hendur öðrum stefndu og gerir sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu á hendur stefndu Guðrúnu Álfgeirsdóttur, Kristni Álfgeirssyni og Olgu Sveinsdóttur.

Lögmaðurinn lagði málið í dóm.

Málið er dómtekið.“

Ekki verður fallist á það með stefndu, að í yfirlýsingu þeirri, er þarna greinir, felist eftirgjöf kröfu á hendur Betri kaupum hf. Af orðalagi verður ekki annað og meira ráðið en fallið sé frá kröfu um aðfararhæfan dóm á hendur Betri kaupum í því máli, sem til meðferðar var. Verður því ekki talið, að skuldin hafi verið gefin eftir, svo að áhrif hafi á ábyrgð stefndu, er tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Stefnukröfum hefur ekki verið mótmælt tölulega. Kröfu, að fjárhæð 1.250 kr., hefur ekki heldur verið mótmælt sérstaklega. Stefnukröfur verða því teknar til greina. Málskostnaður ákveðst 150.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðrún Álfgeirsdóttir, Kristinn Álfgeirsson og Olga Sveinsdóttir, greiði stefnanda, Hreyfli svf., 566.293,30 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga af 565.043,30 kr. frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. ágúst 1990.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

---